

GJALDSKRÁ

Bláskógaveitu (hitaveitu), Bláskógabyggð.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Bláskógaveitu frá og með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Öll verð í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts.

2. gr.

Afnotagjöld af heitavatninu eru sem segir:

Daggjald/mælagjald/hemlagjald

Stærð mælis/hemils	DN 15 mm	51,50	kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 20 mm	52,80	kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 25 mm	80,20	kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 32 mm	82,90	kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 40 mm	137,40	kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 50 mm	207,00	kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 65 mm	254,10	kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 80 mm	296,50	kr./dag

Heitt vatn um rennslismæli, Biskupstungum.

H1A.	Almenn notkun, íbúðarhús/sumarhús	146,90	kr./m ³
H3A.	Garðyrkja í rekstri/Hitaveitan Brúin	40,30	kr./m ³
H4A.	Sund- og baðstaðir	51,50	kr./m ³
H2A.	Garðyrkja, ekki í rekstri	73,50	kr./m ³
V4A.	Verslun, þjónusta, iðnaður og opinberar byggingar	109,90	kr./m ³
F1A.	Fast gjald fyrir frátekið vatn til garðyrkju og stórnotenda	9.418	kr./sekúndulítra á mánuði

Heitt vatn um hemil, Biskupstungum.

L1.	Garðyrkja	16,00	kr./mínútolítra á dag
L2.	Íbúðarhús/sumarhús	129,70	kr./mínútolítra á dag
L3.	Verslun, iðnaður og opinberar byggingar	54,40	kr./mínútolítra á dag
H1D.	Hemlagjald	104,00	kr./mínútolítra á dag

Heitt vatn um rennslismæli, Laugardal.

H1L.	Almenn notkun, íbúðarhús/sumarhús	146,90	kr./m ³
H3L.	Garðyrkja í rekstri	40,30	kr./m ³
H4L.	Sund- og baðstaðir	51,50	kr./m ³
H2L.	Garðyrkja, ekki í rekstri	73,50	kr./m ³
V4L.	Verslun, iðnaður og opinberar byggingar	109,90	kr./m ³

F1L.	Fast gjald fyrir frátekið vatn til garðyrkju og stórnotenda	9.418	kr./sekúndulítra á mánuði
------	---	-------	---------------------------

Heitt vatn um hemil, Laugardal.

H2.	Íbúðarhús/sumarhús	129,70	kr./mínútolítra á dag
H4.	Mýrarhúsaskógur	129,70	kr./mínútolítra á dag

3. gr.

Heimæðargjöld Bláskógaveitu eru sem hér segir:

Íbúðarhús að 450 m ³	529.290 kr., umfram m ³ 396 kr.
Opinberar byggingar og iðnaðarhús að 450 m ³	529.290 kr., umfram m ³ 112 kr.
Gróðurhús og stórnotendur	8.545 kr. mínútolítrinn lágmark 61 m/l
Sumarhús	897.130 kr. fast gjald

4. gr.

Tengigjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við byggingarvísitölu. Grunnvísitala (grunnur 2021) októbermánaðar 2025, 125,9 stig. Bláskógaveitu er heimilt að breyta tengigjöldum í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu.

5. gr.

Lágmarksnotkun fyrir sumarhús er 642 rúmmetrar á ári, óháð notkun, og skal greiða fyrir þá notkun samkvæmt gjaldskrá. Fari ársnotkun sumarhúss fram yfir 642 rúmmetra á ári, þá skal greiða fyrir hvern umframrúmmetra skv. gjaldskrá ásamt lágmarksnotkunargjaldi.

6. gr.

Ein mælagrind er innifalin í hverju heimæðargjaldi. Fyrir hverja auka mælagrind greiðast 58.021 kr.

7. gr.

Lágmarksstilling á hemli verður 3 l/m.

8. gr.

Bláskógaveita hefur rétt til að loka fyrir afhendingu á heitu vatni til húsveitu viðskiptamanns sem vanrækt hefur að greiða hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilunum veldur, hverju sinni 18.303 kr.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af framkvæmda- og veitustjórn Bláskógabyggðar og staðfest af sveitarstjórn Bláskógabyggðar 10. desember 2025, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 463/2025.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 25. júní 2026.

F. h. r.

Jón Ásgeirsson.

Steinar Örn Jónsson.

B deild - Útgáfudagur: 30. júní 2026